Móttt 29/1 65

# S T A R F S S K Ý R S L A .

## 1 9 6 4

Gróðrarstöðin Tumastöðum.

Gróðrarstöðin á Tumastöðum.

Veður og vöxtur. Veturinn ( jan-marz ) einkennist af óvenju hlýjum og góðum vetri, en er talsvert veðrasamur og úrkoma yfir meðallag. Janúarmánuður var óvenju hlýr eða 4,0 st. hlýrri en í meðalári, en úrkoman nærri tvöföld og mánuðurinn var veðrasamur, sama er að segja um febrúar, margfalt hlýrri en í meðallagi, eða 3,3 st. og ekki gerði veturinn það endaslept, því meðalhitinn í marz er 6,0 st. eða 4,2 st. hærri en í meðalári. Jörð mátti heita klakalaus um mánaðarmótin marz-apríl.

Vorið.( apríl-maí ) apríl er nokkuð kaldari en marz, en hiti þó ofan við meðallag, unt var að vinna að jarðvinnslustörfum allan mánuðinn, sama er að segja um maí, hægviðrasöm tíð með miklu sólfari.

Sumarið.( júní-sept. ) Júní var heldur kaldari en í meðalári og úrkoma yfir meðallag. Júlí óvenju úrkomusamur og hiti talsvert undir meðallagi var 10,8 st. en er í meðalári 12,1 st. munar 1,3 st.. Um ágúst er það að segja að hann var líka kaldur eða 1,0 st. kaldari en í meðalári og stafar það af kaldri norðan átt sem var ríkjandi allan síðari hluta mánaðarins og gerði hvað eftir annað næturfrost og voru kuldanætur samtals 8. September var eins og ágúst 1,0 st. kald. en í meðalári, kuldanætur þá voru samtals 10.

Haustið.( okt.-nóv. ) Nú dregur til meiri rakviðra, en þó fremur millt tíðarfar fram að 14. nóvember en þá gerði frostaveður og

snjókomu, er með litlum úrtökum hélst til mánaðarmóta. Desember var óvenju kaldur og á köflum íllviðrasamur með snjókomu.

Árið 1964 má því telja á ýmsa lumd sérstætt hvað veðráttuna snertir, skýlir göllum sýnum undir háum ársmeðalhita, gerir mest hvað veturinn frá nýári var óvenju hlýr og góður, vorið millt og gott en sumarið var gott og milt í byrjun, en óhagstætt á köflum, gætti þar einkum að sumarið sjálft varð mun kaldara en meðallag sýnir, haustið var nær meðallagi gott lengstum, en breytir svo til harðviðra síðarihluta nóvemberm. og helst það tíðarfar allt til loka desemberm.

Veðurfarið og veðurskýrslan er tekin upp eftir veðurskýrslu frá Sámsstöðum og ætti hún að gefa góða hugmynd um veðurfar hér á Tumastöðum þar sem ekki er nema 1-2 km. á milli staða.

Laufgun. Birkiskjólbeltin hér á Tumastöðum má segja að hafi verið laufguð 20. maí, en lauffall 20. september.

Um mánaðarm. febr.-marz sást að lerki 2/0 var byrjað að sprynga út, einnig þingvíðir og nokkrar aðrar runnategundir og t.d. var dvergmispill þá komin með þó ofurlítil blöð.

Vöxtur skjólbelta og trjáa hefur verið með allra minnsta móti hér í sumar, og stafar það aðallega af því hvað sumarið var kalt og eins hinu að trjágróðurinn hefur ekki verið búinn að jafna sig eftir vorkuldakastið og fremur óhagstætt sumar 1963.

Vöxtur á uppeldis trjáplöntum hér er tölvert fyrir neðan meðallag.

| mánuður. | meðalh. C | lámark kl. 8 | hámark kl.20 | sólar dag. | úrkoma m/m regn | úrkoma m/m br.snj. | úrkomu dagar | vindhr. yfir 4st. | Meðaltal áranna 1928 - 1960 meðalh.C | Meðaltal áranna 1928 - 1960 úrkoma m/m | Meðaltal áranna 1928 - 1960 úrkomudag. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Janúar | 3,7 | 1,7 | 4,9 | 5 | 178,7 | 11,0 | 23 | 14 | -0,3 | 105,2 | 18 |
| Febr. | 3,5 | 0,5 | 5,3 | 5 | 39,8 | 13,9 | 11 | 8 | 0,2 | 94,8 | 15 |
| Marz | 6,0 | 3,2 | 8,8 | 13 | 72,3 | 20,7 | 14 | 8 | 1,8 | 92,3 | 15 |
| Apríl | 5,2 | 1,5 | 8,0 | 23 | 67,5 | 36,5 | 17 | 4 | 3,8 | 69,0 | 15 |
| Maí | 8,6 | 5,1 | 11,9 | 25 | 38,1 | | 15 | 10 | 7,5 | 53,5 | 14 |
| Júní | 9,8 | 5,8 | 12,3 | 24 | 93,1 | | 17 | 5 | 10,3 | 56,2 | 15 |
| Júlí | 10,8 | 7,6 | 13,5 | 19 | 146,6 | | 24 | 7 | 12,1 | 65,8 | 17 |
| Ágúst | 10,2 | 6,2 | 13,9 | 27 | 25,3 | | 8 | 12 | 11,2 | 89,3 | 19 |
| Sept. | 7,6 | 4,9 | 10,6 | 17 | 86,8 | | 16 | 6 | 8,6 | 106,1 | 19 |
| Okt. | 5,6 | 2,9 | 8,2 | 17 | 189,6 | 1,0 | 21 | 9 | 4,8 | 128,3 | 19 |
| Nóvemb. | 2,9 | 1,0 | 4,6 | 5 | 116,1 | 43,6 | 22 | 5 | 2,4 | 111,4 | 17 |
| Desemb. | -1,8 | -4,4 | 0,0 | 10 | 47,8 | 45,2 | 14 | 9 | 1,0 | 107,0 | 19 |
| Alls | 72,1 | 36,0 | 102,0 | 190 | ( 1273,6) 1101,7 | 171,9 | 202 | 97 | | 1078,9 | 202 |
| Meðaltal | 6,0 | 3,0 | 8,5 | | 106,1 | | | | 5,3 | 89,9 | |
| Maí-sept. | 9,4 | 5,9 | 12,4 | 112 | 389,9 | | 80 | 40 | 9,94 | 370,9 | 84 |

Hitasumma maí - september 1418,2 | 1520,1

Starfsmannahald. Vinna hófst hér í gróðrarstöðinni um miðjan marz með því að hér fóru að vinna 2 stúlkur af næstu bæjum, en 2 menn unnu þó hér frá því um áramót, en vinna hófst þó ekki fyrir alvöru fyrr en 1. maí og lauk að mestu 20. sept., þó unnu 2 stúlkur og 1 karlmaður framm yfir miðjan október. Mötuneyti var starfandi hér frá 1. maí til 31. ágúst.

Alls námu kaupgreiðslur til starfsfólksins hér í gróðrarstöðinni kr. 351.184,60 og fór ekkert af því út úr Rangárvallasýslu, en mest af kaupgreiðslunum fór til fólks sem búsett er hér í Fljótshlíðarhr. eða kr. 224.330,02 það er 64%.

Starfsfólk á árinu, unnar vinnuvikur í hverjum mánuði.

| | jan. | feb. | marz | apr. | maí | júní | júlí | ág. | sept. | okt. | nóv. | des. | samt. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| kon. | 1 | 1 | 3 | 4 | 20 | 33 | 28 | 28 | 10 | 4 | | | 132 |
| karl. | 5 | 7 | 6 | 8 | 9 | 13 | 12 | 10 | 6 | 2 | | | 78 |
| samt. | 6 | 8 | 9 | 12 | 29 | 46 | 40 | 38 | 16 | 6 | | | 210 |

Jarðvinnsla. Reitur sá er dreifsetja á í vorið 1965 var djúpplægður, herfaður og síðan var sáð höfrum í reitinn, þeir uxu vel og um haustið voru þeir plægðir niður. Mikill munur var að sjá hafrareitinn heldur enn hina sem auðir voru, en þeir voru ýmist tættir eða plægðir til þess að halda þeim íllgresislausum. Opnir skurðir hreinsaðir og eftirlit haft með hnausa-og kýlaplógsræsum.

Áburður. Tölverðu magni af húsdýraáburði var keyrt hingað frá tveim aðilum, og hann settur í haug til rotnunar. Eldri húsdýraáb. var notaður í reiti þá er dreifsett var í ásamt tilbúnum áburði, en tilbúinn áburður var eingöngu notaður í sáðreiti einnig í garðplöntu-og græðlingareiti.

Fræplöntur og hreinsun fræplantna. Kostnaður í sambandi við fræplöntur varð kr. 67.374,83, liður þessi er nokkuð hár og stafar það af því að nokkuð mikið af gömlum vermireitagluggum voru teknir upp,

C-toxbornir, málaðir og glerið sett undir lista, einnig voru glerjaðir nýir gluggar sem komu hér 1963.

Sáning hófst 24. apríl en þá var sáð birki í 108 m2, öðru fræi var sáð dagana frá 23.-26. maí. Sáð var 20,1 kg. í 639 m2, en ef götur eru reiknaðar með hafa farið 940 m2 undir sáninguna. Eldri sáningar þekja óvenju stórt svæði af reitnum eða 2.750 m2, samtals eru því sáðreitir í 3.690 m2 að meðtöldum götum.

Til hreinsunar á fræplöntum var varið 42.028,57 kr. og er það nokkuð hærra en áætlað var og stafar það af því hve óvenju stórt svæði sáningarnar þekja.

Um sáninguna í vor er það að segja að hún tókst með ágætum og t.d. hefur birki sáning ekki verið betri um árabil. Vöxtur á eldri fræpl. er aftur á móti með allra minnsta móti, svo að 2/0 greniplöntur eru ekki dreifsetningar hæfar eins og ástand þeirra er nú.

Dreifplöntur og hreinsun dreifplantna. Kostnaður við dreifplöntur varð kr. 88,548,91. Byrjað var að dreifsetja 4. júní og lokið 10. júlí, áður hafði þó verið lokið við að dreifsetja birki og græðlinga. Dreifsetningin hófst svona seint vegna þess hvað dreifsetningarplönturnar fóru snemma að vaxa og ársprotarnir voru jurtkendir og byrjuðum við ekki að dreifsetja fyrr en ársprotarnir voru ornir það stinnir að þeir lögðust ekki útaf við dreifsetningu. Ekki var meira tekið upp af plöntum en dreifsett var hvern dag. Dreifsetning þessa árs fór í 2.100 m2 götur meðtaldar en eldri dreifsetningar eru í 7.200 m2 og eru því dreifplöntur í samtals 9.300 m2.

Afföll á dreifsetningu þessa árs varð engin. Vöxt tóku plönturnar út áður en dreifsett var.

Vöxtur á eldri dreifsetningum er með allra minnsta móti. Kostnaður dreifplantna varð hærri en áætlað var og stafar af því að reikn.

yfir dreifsetningarplöntur keyptar frá Hallormstað 1963 að upphæð 14.620,00 kr. var bókfærður á þessu ári.

Kostnaður við hreinsun dreifplantna varð kr. 49.053,93 og er nokkuð hár og stafar mikið af því hvað eldri dreifsetningar þekja stórt svæði.

Garðplöntur. Kostnaður varð kr. 35.278,12, nokkuð hærri en áætlað var og stafar það af því að nokkuð meiri áhersla hefur verið lögð á uppeldi þeirra en áður og hreinsun garðplantna er á ýmsan hátt erfið. Garðplöntur í uppeldi eru um 70.000 stk. og eru í 4.100 m2, plöntur þessar ættu að gefa góðar tekjur á næstu árum.

Skjólbelti. Kostnaður varð kr. 15.316,16. Ekkert var plantað af nýjum beltum, aðeins hreinsað burtu dauðar plöntur og beltunum haldið hreinum eftir því sem hægt var.

Nú hefur verið getið helstu kostnaðarliða gróðrarstöðvarinnar og fer hann í heild hér á eftir, en í sviga fyrir aftan, hver hann hefði orðið ef kostn. v. dráttarvéla, hitun, lýsing og slysa-og lífeyristr. eru færðar á hina ýmsu kostnaðarliði gróðrarstöðvarinnar.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fræplöntur | kr. | 67.374,83 | ( 76.932,78 ) |
| Hreinsun fræplantna | - | 42.028,57 | ( 49.750,27 ) |
| Dreifplöntur | - | 88.548,91 | (102.751,56 ) |
| Hreinsun dreifplantna | - | 49.053,93 | ( 58.002,58 ) |
| Afhending skógarplantna | - | 3.789,53 | ( 4.284,93 ) |
| Garðplöntur | - | 35.278,12 | ( 40.902,87 ) |
| Skjólbelti | - | 15.316,16 | ( 17.773,91 ) |
| Ráðskona | - | 36.045,61 | ( 40.504,21 ) |
| Ýmsar framkvæmdir | - | 2.598,87 | ( 3.390,42 ) |
| Kostnaður v/verkafólks | - | 3.168,73 | ( 3.540,28 ) |
| Nýrækt í gróðrarstöð | - | 7.492,69 | ( 8.839,64 ) |
| Samtals | kr. | 350.695,95 | (406.673,45 ) |

Tekjur gróðrarstöðvarinnar af plöntusölu urðu sem hér segir.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Af skógarplöntum | kr. 108.264,60 | | |
| - afsláttur | - 31.893,40 | kr. | 76.371,20 |
| Af dreifsetningarplöntum | | - | 17.310,00 |
| Af garðplöntum | kr. 61.673,50 | | |
| - afsláttur | - 11.623,05 | - | 50.050,45 |
| | Samtals | kr. | 143.731,65 |

Byggingar. Lítið var unnið að viðhaldi bygginga hér í ár, þó varð að brjóta upp gólf í kjallara íbúðarhússins og endurnýja hitaleiðslur, vegna þess að tæring var komin í rörin í gólfinu.

Af sáðbeðs kössum eru til 2.700 m2 og af vermireitagluggum eru til 772 stk. eða 1152 m2.

Af skjólgrindum sem eru 1m á hæð eru til 972 lengdarmetrar og af öðrum grindum 2.142 lengdarm. eða samtals 3.114 m..

Dráttarvélar. Báðar dráttarvélarnar voru málaðar og einnig öll verkfæri sem notuð eru við þær. Hvað margar klst. dráttarvélarnar hafa verið notaðar, er ekki gott að segja svo ekki skakki ofurlitlu, en eftir því sem næst verður komist, munu þær hafa verið notaðar 420 klst. hér í gróðrarstöðinni á Tumastöðum, en svo var önnur þeirra lánuð skógarv. Suðurlands vegna vega-og girðingaframk. bæði í Þjórsárdal og Reykjahjál. um 160 klst.

Skóflur, gafflar og öll önnur handverkfæri voru máluð með gulum lit en járn bronsað.

Áætlun næsta árs. Áætlun fyrir næsta ár annað en venjulegur reksturskostnaður gróðrarstöðvarinnar.

Verkstæðið sem komið er að falli, en stendur þó, þarf nauðsynlega að endurbyggja en það er um 350 m3 og áætlaður kostnaður í verkfærag. er kr. 500,00 á rúmm.. Endurbygging á verkstæðinu er mjög aðkallandi vegna þess að ekkert hús hér er með upphitun eða í því ástandi að hægt

sé að vinna í því að vetri til og skapar það mikla örðugleika. Nauðsynlegt er að aðstaða sé til að gera við vélar og verkfæri á á vetrum og viðhald á vermireitagluggum ásamt ýmsu öðru sem flýtt getur fyrir vorstörfum og jafnframt gæti jafnað vinnufólks þörfina yfir vor og sumarmánuðina.

Gera þarf heildar áætlun um skjólbelti fyrir gróðrarstöðina og síðan að vinna að henni eftir því. Það er alltaf að koma betur í ljós að ekki hefur verið unnið að þessu sem skyldi. Einnig hafa skjólbeltin látið ásjá eftir kuldakastið 1963 og nokkur beltanna þurkast út að mestu.

Tumastöðum, 29. janúar 1965

Sáningar .

| | | |
|---|---|---|
| Rauðgreni Stjördal B-579 | 0,7 kg. | 36,0 m2 |
| Rauðgreni Mosvík B-610 | 1,4 - | 72,0 - |
| Sitkagreni Cordova B-590 | 0,5 - | 24,0 - |
| Sitkagreni Sitka B-632 | 1,5 - | 87,0 - |
| Stafafura Skagway B-591 | 0,5 - | 51,0 - |
| Bergfura Haut conflent B-592 | 2,0 - | 48,0 - |
| Lerki Senkursk B-587 | 2,0 - | 24,0 - |
| Birki Bæjarstað B-561 | 3,5 - | 216,0 - |
| Álmur Hamar B-589 | 0,5 - | 6,0 - |
| Álmur Noreg B-589 | 1,3 - | 18,0 - |
| Askur Leksvík B-621 | 0,5 - | 6,0 - |
| Reyniviður Leirfjord B-620 | 0,3 - | 3,0 - |
| Þyrnir Sönsterud B-562 | 1,0 - | 3,0 - |
| Reyniviður Hofií Öræfum | 1,0 - | 6,0 - |
| Reyniviður Hellu | 2,5 - | 9,0 - |
| Rauðblaðarós Danmörku | 0,5 - | 10,5 - |
| Rhus cotinus Danmörku | 0,1 - | 4,5 - |
| Cornus alba Danmörku | 0,1 - | 9,0 - |
| Chaenomeles japonica Danmörku | 0,1 - | 4,0 - |
| Elaeagnus angustifolia Danmörku | 0,1 - | 2,0 - |
| Samtals | 20,1 kg. | 639,0 m2 |

Dreifsetning 1964.

| | | |
|---|---|---|
| Rauðgreni Rissa B-530 2/0 | | 185.000 stk. |
| Lerki Arkang. B-573 2/0 | | 5.000 - |
| | Samtals | 190.000 stk. |

Dreifsettar garðplöntur 1964.

| | | |
|---|---|---|
| Sitkagreni Hveragerði 2/3 | | 3.000 stk. |
| Birki Bæjarstað B-561 2/0 | | 2.660 - |
| Síberíubaunatré 2/0 | | 880 - |
| Álmur 2/0 | | 660 - |
| Runnamura | | 180 - |
| Þyrnir 2/0 | | 550 - |
| Viðja | | 7.000 - |
| Þingvíðir | | 3.750 - |
| Ribs | | 900 - |
| Sólber | | 900 - |
| Birkikvistur | | 4.000 - |
| | Samtals | 24.480 stk. |

## Plöntur til dreifsetningar 1965.

| | |
|---|---|
| Rauðgreni Rissa B-530 4/0 | 29.000 stk. |
| Rauðgreni Namdal M. B-554 3/0 | 20.000 - |
| Sitkagreni Seward B-466 4/0 | 15.000 - |
| Sitkagreni Homer B-548 3/0 | 12.000 - |
| Sitkagreni Homer B-522 3/0 | 32.000 - |
| Sitkabastarður Mosse Pass B-550 3/0 | 20.000 - |
| Hvítgreni Mosse Pass B-549 3/0 | 12.000 - |
| Stafafura Barkerv. B-585 2/0 | 50.000 - |
| Fjallaþinur Wansa L. B-541 2/0 | 4.000 - |
| Douglasgreni L-2433 B-566 2/0 | 12.000 - |
| Douglasgreni Bluberry B-564 2/0 | 7.500 - |
| Lerki Arkang. B-583 2/0 | 19.100 - |
| Lerki Arkang. B-573 3/0 | 3.000 - |
| Birki Bæjarstað B-561 3/0 | 4.000 - |
| Samtals | 239.600 stk. |

## Garðplöntur og græðlingar til dreifs. 1965.

| | |
|---|---|
| Græðlingar ýmsar tegundir | 25.000 stk. |
| Lauftré og runnar 16 tegundir sáðplantna | 14.750 - |
| Samtals | 39.750 stk. |

( Rauðgreni Stjördal B-579 2/0 um 330.000 stk eru ekki færðar með plöntum til dreifs. 1965 vegna þess að þær eru of smáar, þó mætti dreifsetja eitthvað af þeim hér eftir að þær eru búnar að taka út vorvöxt )

## Plöntur til afhendingar 1965.

Vor.

| | |
|---|---|
| Stafafura Skagway B-462 2/3 | 11.600 stk. |
| Stafafura Alberta B-468 2/3 | 5.200 - |
| Lerki Arkang. B-583 2/0 | 19.000 - |
| Lerki Arkang. B-573 3/0 | 3.000 - |
| Stafafura Wansa L. B-572 3/0 | 4.000 - |
| Flallaþöll Lawing B-409 3/3 | 400 - |
| Samtals | 43.200 stk. |

Einnig sitkagreni og hvítgr. sem orðið hafa fyrir skemdum.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Sitkabastarður Lawing B-436 2/4 | 8.000 | til | 12.000 stk. |
| Sitkagreni Homer B-437 2/4 | 2.000 | - | 3.500 - |
| Sitkagreni Homer B-389 3/4 | 3.000 | - | 4.000 - |
| Sitkagreni Seward B-348 3/4 | 12.000 | - | 25.000 - |
| Hvítgreni Mosse P. B-432 2/4 | 2.000 | - | 3.000 - |
| Hvítgreni Summit L. B-433 2/4 | 1.000 | - | 2.000 - |
| Samtals | 28.000 | til | 49.500 stk. |

Síð sumar.

| | |
|---|---|
| Rauðgreni N.Tr. Ytre B-429 3/2 | 100.000 stk. |
| Rauðgreni Rússlandi B-485 3/2 | 4.000 - |
| Sitkagreni kom frá Hall 2/2 | 26.000 - |
| Sitkagreni Seward B-465 3/3 | 3.000 - |
| Samtals | 133.000 stk. |

Garðplöntur til afhendingar 1965.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Birki-kvistur 0/2 | 2.200 | stk. | |
| Berberis polyanta 1/1 | 500 | - | |
| Rauðtoppur 2/2 | 100 | - | |
| Ribs 0/3 | 80 | - | |
| Alaskaösp yfir 100 cm. | 6.950 | - | |
| Þingvíðir 0/2-0/3 | 7.000 | - | |
| Sitkagreni 2/2/3 | 1.000 | - | x |
| Reyniviður yfir 200 cm. | 300 | - | |
| Viðja 0/2 | 2.400 | - | x |
| Sólber | 250 | - | |
| Runnamura | 200 | - | |
| Fjallaribs 0/2/2 | 300 | - | |
| Gráreynir yfir 75 cm. | 100 | - | |
| Álmur | 100 | - | |
| Snækvistur | 300 | - | |
| Elri stór | 30 | - | x |
| Bumaldakvistur | 80 | - | |
| Samtals | 21.890 | stk. | |

( x plöntur þessar verða notaðar hér á Tumastöðum í skjólbelti )

Plöntur afhentar 1964.

Dreifsetningarpl.

| | |
|---|---|
| Rauðgreni Rissa B-530 2/0 | 38.000 stk. |
| Samtals | 38.000 stk. |

## Afhentarplöntur 1964.

| | | |
|---|---|---|
| Rauðgreni V.V.Bindal B-427 2/3 | | 23.615 stk. |
| Sitkagreni Seward B-348 3/3 | | 950 - |
| Stafafura Skagway B-462 2/2 | | 11.150 - |
| Stafafura Skagway B-444 2/3 | | 5.415 - |
| Lerki Arkang. B-573 2/0 | | 150 - |
| Fjallaþöll Lawing B-409 3/2 | | 25 - |
| | Samtals | 41.305 stk. |

## Afhentar garðplöntur 1964.

| | | |
|---|---|---|
| Reyniviður | | 381 stk. |
| Birki | | 245 - |
| Síberíubaunatré | | 160 - |
| Þingvíðir | | 2.494 - |
| Viðja | | 1.143 - |
| Alaskaösp | | 87 - |
| Aðrarteg. | | 190 - |
| Lúpínurætur | | 1.600 - |
| | Samtals | 6.300 stk. |

Tumastöðum, 29. janúar 1965